



## Fundargerð hreppsnefndar 20. febrúar 2014

**Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 20. febrúar 2013 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.**

Á fundin voru mætt: Bárður Jónasson, Björn Hreinsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Fjóla Valsdóttir, Guðrun Anna Guðnadóttir og Hafþór Róbertsson. Jafnframt var mættur sveitarstjóri, Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 9. janúar sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 9. janúar sl.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða með 7 atkv.

2. mál. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 6. feb. sl.

Lögð fram fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 6. feb. sl.

Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs undir 2. tl. fundargerðarinnar og gerði grein fyrir umsögn nefndarinnar varðandi aukin afköst í fiskimjölsverksmiðju HB Granda á Vopnafirði. Hér kom einnig fram fyrirspurn um það hvernig ákvörðun hefði verið tekin um almennan borgarafund, sem haldinn var fyrir nokkru.

Að því loknu var umsögn nefndarinnar og fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

3. mál. Fundargerðir atvinnumálanefndar frá 29. janúar sl.

Lögð fram fundargerð atvinnumálanefndar frá 29. janúar. Gerð var grein fyrir afstöðu atvinnumálanefndar, sem fram kemur í 2. tl. fundargerðarinnar varðandi reglur sem gilda skulu um úthlutun byggðakvóta 2013/2014.

Jafnframt var gerð grein fyrir fundi, sem haldinn var með formanni atvinnumálanefndar, oddvita og sveitarstjóra varðandi hugmyndir um stofnsetningu fiskvinnslu á Vopnafirði. Á fundinn mættu einnig eigandi fiskvinnsluhúss, þar sem fyrirhugað er að setja upp fiskvinnslu og rekstraraðili fyrirhugaðrar fiskvinnslu. Þessir aðilar gerðu grein fyrir stöðu mála varðandi stofnsetningu slíkrar fiskvinnslu. Í máli þeirra kom fram að áætlað væri að umrædd vinnsla myndi vera komin á fót um nk. mánaðarmót.

Hreppsnefndarmenn lýstu síðan sjónarmiðum sínum varðandi þessi mál. Fram kom að erfitt væri að taka endanlega ákvörðun áður en að fyrir lægi hvort fiskvinnsla yrði til staðar í sveitarfélaginu á árinu. Í máli þeirra kom fram að almennt væru þeir sammála fyrirbyggjandi tillögu atvinnumálanefndar, enda verði bolfiskvinnsla til staðar á Vopnafirði.

Hreppsnefnd samþykkti samhljóða tillögu atvinnumálanefndar, en óskaði eftir því að kannað yrði um heimild Atvinnuáráðuneytisins til þess að bíða með auglýsingu reglnanna fram í miðjan mars. Þannig að einsýnt verði hvort vinnsla væri komin í gang á svæðinu. Verði það ekki þarf að taka málið upp að nýju.

Að öðru leyti tekur nefndin einnig undir sjónarmið atvinnumálanefndarinnar, sem fram koma í 3. tl. fundargerðarinnar.

4. mál Sundabúð legudeild, bréf hjúkrunardeildar dags. 29. janúar, bréf félags hjúkrunarfræðinga frá 30. janúar og Vopnafjarðarhrepps frá 8. janúar sl.

Lagt fram bréf Vopnafjarðarhrepps frá 8. janúar sl., varðandi greiðslu á kostnaði, vegna jafnlaunaátaks til samræmis við yfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands frá 21. janúar 2013. Svar hefur ekki enn komið frá Heilbrigðisráðuneytinu varðandi þessi mál.

Jafnframt lagt fram bréf hjúkrunarfræðinga á legudeild Sundabúðar, varðandi aukið vinnalag á starfsfólk deildarinnar.

Ennfremur lagt fram bréf dags. 30. jan. sl., frá Félagi Íslenskra hjúkrunarfræðinga, þar sem óskað er eftir viðræðum við fulltrúa sveitarstjórnar varðandi afgreiðslu á meðferð umgetins jafnlaunaátaks, sem ákveðið var að ráðast í af Ríkisstjórn Íslands í upphafi árs 2013.

Allmiklar umræður urðu um þessi mál og voru hreppsnefndarmenn sammála um að kalla eftir skriflegu svari Heilbrigðisráðuneytisins varðandi erindi Vopnafjarðarhrepps frá 8. janúar sl. Jafnframt samþykkt samhljóða að kalla eftir fundi með fulltrúum Félags Íslenskra hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða eins og óskað hefur verið eftir.

Varðandi álitamál, sem koma fram í bréfi hjúkrunarfræðinga Sundabúðar varðandi vinnuálag og biðlista, felur hreppsnefnd, nefnd sveitarstjórnar um málefni Sundabúðar í samvinnu við hjúkrunarforstjóra að vinna að úrlausn mála og leggja, ef þurfa þykir tillögur í því sambandi fyrir hreppsnefnd.

5. mál. Erindi dags. 19. janúar sl., varðandi rými á hjúkrunardeild Sundabúðar.

Lagt fram bréf dags. 19. janúar sl., varðandi vistun einstaklings á legudeild Sundabúðar. Erindið hefur verið leyst til bráðabirgða og tengist einnig úrlausn mála, sem um er rætt í bréfi hjúkrunarfræðinganna í tl. 4 hér að framan.

Hreppsnefnd felur Sundarbúðarnefnd sveitarstjórnar, ásamt hjúkrunarstjóra að leysa málið.

6. mál. Björgunarsveitin Vopni, bréf móttékið 27. des. sl., varðandi styrk.

Lagt fram bréf frá Björgunarsveitinni Vopna, dags. 25. des. sl., þar sem

óskað er eftir hækkun á styrk sveitarfélagsins til sveitarinnar.

Hreppsnefnd telur ekki að svo stöddu forsendur til þess að viðkomandi styrkur verði hækkaður, enda búið að samþykkja fjárhagsáætlun fyrir 2014. Málinu að öðru leyti vísað til gerðar næstu fjárhagsáætlunar.

7. mál. Erindi varðandi niðurfellingar sorpeyðingar- og sorpgjalda dags. 11. feb. sl.

Lagt fram erindi dags. 11. feb. sl. frá fulltrúa Egilsstaða í Vopnafirði, varðandi niðurfellingu á Sorpeyðingar og sorphirðugjalds.

Miðað við forsendur álagningar þessara gjalda telur hreppsnefnd sér ekki fært að verða við framkominni ósk um niðurfellingu þessara gjalda.

Málsmeðferð þessi samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

8. mál. Urðunarsvæði á Búðaröxl, auglýsing. Fyrir fundinn verður lögð fram tillaga að umsögn Vopnafjarðarhrepps.

Lagt fram bréf frá Skipulagsstofnun dags. 17. janúar sl., varðandi kynningu á skýrslu um mat á umhverfisáhrifum urðunarsvæðis við Búðaröxl. Athugasemdafrestur er til 6. mars nk.

Jafnframt lagt fram bréf Skipulagsstofnunar, þar sem óskað er umsagnar Vopnafjarðarhrepps varðandi frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum urðunarsvæðis að Búðaröxl, skv. lögum nr. 106/2000.

Lögð fram drög að umsögn Vopnafjarðarhrepps í þessu sambandi, þar sem Vopnafjarðarheppur gerir ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi frummatsskýrslu. Samkvæmt umsögninni er sveitarfélagið sammála niðurstöðum frummatsskýrslunnar um að umrædd framkvæmd muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Hreppsnefnd samþykkir samhljóða meðfylgjandi umsögn og vísar henni einnig til kynningar í skipulagsnefnd og umhverfisnefnd sveitarfélagsins.

9. mál. Hótel Tangi, auglýsing. -Staða mála.-

Lögð fram auglýsing, vegna fyrirhugaðrar sölu og/ eða leigu á Hótel Tanga Vopnafirði. Jafnframt lagt fram minnisblað frá Fasteignasöluinni Inni, varðandi málið. Í minnisblaðinu er gerð grein fyrir því að 5 aðilar hafa spurst fyrir um málið.

Jafnframt er í blaðinu gerð tillaga um framhald mála. Þar kemur meðal annars fram tillaga um það að auglýsa hótelið aftur og þá á víðari grunni.

Nokkrar umræður urðu um málið þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum.

Hreppsnefnd samþykkti síðan að fara að tillögu fasteignasöluinnar varðandi framhaldið.

Sveitarstjóra og oddvita falið að vinna að framgangi mála.

10. mál. Námsvist utan lögheimilissveitarfélags, tvö erindi.

Lögð fram tvö erindi í tengslum við kostnað vegna námsvistar grunnskólabarna utan lögheimilissveitarfélags.

Hreppsnefnd telur að almennt eigi skólabörn að vera með lögheimili, þar sem þau eiga heima og eru í skóla til lengri tíma. Móta þurfi reglur í þessu sambandi í sveitarfélaginu.

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi beiðnir á grundvelli þess að um tímabundið ástand er að ræða og sérstakar reglur um þessi mál hafa ekki verið mótaðar og samþykktar.

11. mál. Erindi varðandi þokustíg í Vopnafirði dags. 6. feb. sl.

Lagt fram erindi dags. 6. feb. sl., varðandi gerð þokustígs í Vopnafirði, en þessir aðilar hafa um nokkurt skeið unnið að uppbyggingu miðstöðvar þokurannsókna, sagna úr lífi og leik Íslendinga er tengjast þokunni og fróðleiks um þoku, eðli hennar og áhrif.

Hreppsnefnd telur hugmyndirnar áhugaverðar og vísar erindinu til nánari umfjöllunar og tillögugerðar hjá ferðamálafulltrúa.

12. mál. Erindi ASÍ vegna gjaldskrárhækkana, dags. 13. jan. sl.

Lagt fram bréf frá ASÍ, varðandi gjaldskrárhækkunir, þar sem sveitarfélög eru hvött til að draga til baka gjaldskrárhækkunir sínar hafi þær verið framkvæmdar. Í bréfinu er vísað til þess að helsta forsenda kjarasamninga, sem gerðir voru 21. des. sl. sé að verðbólga verði lág, þannig að tryggja megi stöðugleika og aukinn kaupmátt.

Hreppsnefnd telur hugmyndir þessar allra góðra gjalda verðar. Grundvallar atriði kjarasamninga hlýtur að vera að auka kaupmátt og öllum má vera ljóst hversu mikilvægt það er fyrir fyrirtæki og einstaklinga að verðbólgan fari ekki á flug.

Við samþykkt fjárhagsáætlunar Vopnafjarðarhepps fyrir árið 2014, sem samþykkt var í nóvember sl., var stigið mjög varlega til jarðar í gjaldskrárhækkunum og gjaldskrár sveitarfélagsins almennt hækkaðar um 3 % til þess að mæta áorðnum hækkunum ársins 2013.

Hreppsnefnd mun að sjálfsgöðu taka tillit til þeirra hugmynda, sem fram koma í bréfi ASÍ við ákvörðun gjaldskrárhækkana á næstu misserum.

Málsmeðferð þessi var síðan samþykkt með 5 atkvæðum og 2 voru á móti.

13. mál. Vetrarþjónusta, ályktun samgöngunefndar SSA.

Lagðir fram tölvupóstar frá Austurbrú, þar sem greint er frá ályktunum samgöngunefndar SSA, varðandi vetrarþjónustu á þjóðvegum á Austurlandi.

Hreppsnefnd tekur undir samþykktir Samgöngunefndarinnar og hvetur stjórnvöld vegamála áfram til góðra verka í vetrarþjónustu vega á Austurlandi og samræmingu þessara mála á öllu svæðinu.

14. mál. Umferðaröryggismál í nágrenni skóla og íþróttahúss.

Lagðar fram tillögur um aðgerðir vegna umferðaröryggismála í nágrenni skóla og íþróttahúss.

Tillögur þessar eru unnar á grunni samþykktar hreppsnefndar um þessi mál frá 12. des. sl.

Hreppsnefnd fagnar þessum tillögum og hvetur til þess að ráðist verði í þær eins fljótt og unnt er.

15. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Fundargerð haust frá 15. jan. sl.

Lögð fram til kynningar

b) Isavia, bréf varðandi flugslysæfingu sem halda á á Vopnafjarðarflugvelli 10. maí nk.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.10